

Skipulagsstofnun
b/t Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 8. maí 2019
UST201904-187/R.K.
08.10.00

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matsskyldufyrirspurn – Framleiðsluaukning,
Íslenska Kalkþörungafélagið ehf.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 9. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðgert er að auka kalkþörunganáms og framleiðslu afurðafna í Bíldudal á vegum Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili). Um er að ræða aukningu framleiðslu kalkafurða úr 85.000 tonn/ári í 120.000 tonn/ári til ársins 2034. Í verksmiðjunni eru framleiddar tvær afurðir, sýrustillir (90% framleiðslunnar) og kalk til vatnshreinsunar skv. greinargerð (bls.8).

Í greinargerð matsskyldufyrirspurnar segir að nýtingarleyfi rekstraraðila hljóði uppá 2,5 milljónir m³ til 30 ára, eða til ársins 2033. Miðað við núverandi heimildir til framleiðslu dugir sá tími ekki til að fullnýta leyfið sem Orkustofnun (áður iðnaðarráðuneytið) hefur veitt til nýtingar í Arnarfirði. Því er sótt um að auka framleiðslu til að fullnýta nýtingarleyfi.

Frá árinu 2003 til 2018 hefur heildar efnistaka kalkþörungasetts numið alls um 0,7 milljón m³ eða um 1/3 af nýtingarleyfi. Síðustu þrjú ár (2016-2018) hefur framleiðsla kalkafurða verið að meðaltali tæp 50.000 tonn á ári (sjá töflu 6.1 bls. 4). Þar með er núverandi framleiðsla vel undir leyfilegri nýtingu skv. starfsleyfi og því aukning upp í 120.000 tonn/ári umtalsverð miðað við núverandi framleiðslu.

Við stækkun verksmiðjunnar er ráðgert að bæta við húsnæði verksmiðjunnar og skv. greinargerðinni hefur fengist byggingarleyfi fyrir 1.750 m² húsnæði ásamt því að fyrir liggur samþykkt deiliskipulag fyrir stækkun lóðar sem krefst rúmrar 10.000 m² landfyllingar á hafnarsvæði (bls. 4 og mynd 6.2).

Umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif starfseminnar má skipta niður í tvennt; annars vegar áhrif á lífríki vegna kalkþörunganáms af hafsbotni í firðinum m.t.t. áhrifa á lifandi kalkþörungum, gruggmyndun og röskun á vistkerfi hafsbotnsins. Hinsvegar áhrif á fólk og umhverfi vegna vinnslu efnisins í verksmiðjunni m.t.t. rykmyndunar og hávaða frá verksmiðjunni auk gruggmyndunar við höfnina vegna leka úr setlóni. Aðeins hið síðar nefnda er á verksviði Umhverfisstofnunar sem leyfisveitanda starfsleyfis hvað varðar mengunarvarnir. Þörunganáms úr hafsbotni er nýtingarleyfisskylt hjá Orkustofnun en Umhverfisstofnun mun þó leggja mat sitt á áhrif námsins á þessu stigi sem og áhrif verksmiðjunnar á umhverfi og heilsu fólks í næsta nágrenni.

Nám kalkþörungasetts

Með fyrirhugaðri framleiðsluaukningu um 35.000 tonn/ári af kalkafurðum þarf að auka efnisnám kalkþörungasetts um allt að tæp 57.000 m³ á ári í alls 139.000 m³ árlega (bls. 11). Heildar nám kalkþörungasetts af botni eykst ekki. Fjallað var um umhverfisáhrif kalkþörunganámsins í matsskyldufyrirspurn starfseminnar árið 2003 og í matsskyldufyrirspurn framleiðsluaukningar árið 2016. Í greinargerð er fjallað um það sem fram kom í ákvörðun Skipulagsstofnunar 2003: „*Að mati stofnunarinnar mun rask við efnistökgryffur hafa veruleg áhrif á lifandi yfirborðslag kalkþörungum og búsvæði þeirra á afmörkuðu svæði næst efnistöskustöðum*“ (bls. 17). Þá segir að forsendur námsins hafi ekki breyst frá 2016 þar sem enn sé miðað við sama heildarmagn 2,5 milljón m³ í Arnarfirði. Því eru umhverfisáhrif kalkþörunganámsins ekki rædd í fyrirbyggjandi greinargerð. Þessu er Umhverfisstofnun ósammála.

Líkt og kom fram hér að ofan er aðeins búið að nýta um 1/3 af því kalkþörungaseti sem heimilað er í nýtingarleyfi Orkustofnunar og eru liðin um 15 ár af 30 ára leyfi. Því stefnir rekstraraðili að því að nýta 2/3 af leyfinu með hraðara efnisnámi kalkþörungasetts á næstu 15 árum. Umhverfisstofnun telur þetta breyta forsendum fyrra mats þó svo jarðfræði þátturinn breytist ekki við sama heildarmagn efnistöku þá mun álag á lífræna þáttinn aukast talsvert við hraðara nám. Gera má ráð fyrir því að hraðari efnistaka muni valda miklu álagi á viskerfi hafbotnsins og að gruggmyndun verði meiri en vitað er að gruggmyndun hefur skaðleg áhrif á lifun kalkþörungum (OSPAR, 2010).

Það er því mat Umhverfisstofnunar að Skipulagsstofnun ætti taka afstöðu á ný til áhrifa framleiðsluaukningarinnar á kalkþörungasetið, og það lífræna álag sem hraðara nám veldur, í ákvörðun sinni um það hvort framleiðsluaukning skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Kalkþörungaset sem numið er af hafsbotni í Arnarfirði, og úr eru unnar kalkafurðir, eru leifar af dauðum kalkþörungum, þ.e. stoðgrind dauðra kalkþörungum sem safnast hefur

fyrir á hafsbótmi á löngum tíma. Kalkþörungabreiður geta tekið þúsundir ára að myndast og eru þessar lífverur mjög hægvoxta en vaxtarhraði þeirra er að jafnaði minni en 1 mm á ári. Umkringis þessi svæði kalksets í Arnarfirði eru lifandi kalkþörungar en þeir njóta verndar skv. alþjóðlegum samningum.

Í úrskurði Skipulagsstofnunar um matsskyldu árið 2003 segir að hæg endurnýjun kalkþörunganna sé til þess að litið sé á búsvæði kalkþörunganna sem viðkvæm svæði sem umgangast þurfi með varúð.

Ekki hefur komið fram skýr greining frá rekstraraðila um hve stór hluti kalkþörungabreiðunnar sem áformað er að nýta, til ársins 2033, sé hulin lifandi kalkþörungum sem þarf að raska svo fjarlægja megi setið við efnisnámið.

OSPAR-samningurinn um verndun NA-Atlantshafsins (The Convention for the Protection of the Marine Environment of the North-East Atlantic) var fullgiltur á Íslandi árið 1997. Í upplýsingaskjali OSPAR (Background Document for Maërl beds, 2010) segir: „*Extraction is ongoing in Iceland, Ireland and France and has major effects on the species present due to the direct effect of habitat removal and impacts from increased sediment loads which smother surrounding communities*“ (bls. 11).

Líkt og fram kemur í greinargerð (bls.16) er Ísland aðili að þessum samningi sem ætlað er að draga úr eða koma í veg fyrir mengun á hafssvæði er samningurinn nær til. Kalkþörungabúsvæði er á lista OSPAR yfir viðkvæm svæði sem eru í hættu eða á undanhaldi og er því ástæða til að vernda. Í greinargerð er notast við orðalagið „*kunna að vera í hættu*“ en Umhverfisstofnun telur ljóst að í greiningu OSPAR eru kalkþörungabreiður (Maërl beds eða *lophelia pertusa* reefs) skilgreindar í hættu. Í greinargerð segir að aðeins kalkþörungabúsvæði á hafsvæðum við Írland sé í hættu en Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í bakgrunnsskjali OSPAR um kalkþörungabúsvæði segir: „*There is evidence of threat to maërl beds and their decline in Regions I, II, III, IV and the following Dinter zones; S. Iceland-Faroe Shelf, Boreal, Boreal – Lusitanian, Lusitanian – Boreal, Lusitanian – Cool (see Annex 4)*“. Þar með telur Umhverfisstofnun OSPAR taka skýrt fram að merki eru um hnignun kalkþörungabúsvæða á Íslandi og því vert að sýna aðgát við framkvæmdir sem hafa áhrif á búsvæðin.

Umhverfisstofnun ítrekar það sem fram kom í umsögn stofnunarinnar um matsskyldufyrirspurn framleiðsluaukningar árið 2016 þar sem vísað er í skýrslu OSPAR-nefndarinnar frá 2010 *OSPAR's vision is of a clean, healthy and biologically diverse North-East Atlantic used sustainably* þar sem segir: „*The “recovery potential” of maërl beds has been categorized by OSPAR as “poor” meaning that only partial recovery is likely within 10 years and full recovery may take up to 25 years (IMPACT, 1998). Maërl recovery may never occur if a bed is removed by dredging or completely smothered by sediment*“ (bls. 11). Einnig kemur fram í umræddri skýrslu OSPAR að kalkþörungabreiður teljist mikilvæg búsvæði fyrir ýmsa sjávarlífverur.

Þrátt fyrir að heildar nám kalkþörunganna á því 30 ára tímabili sem námið er leyft aukist ekki með umræddri framkvæmd er ljóst að ef af framkvæmdinni verður mun kalkþörungunám

meira en tvöfaldast á ári á seinni helmingi vinnslutímans miðað við tímabilið 2003 til 2018. Því er ljóst að heildar áhrif á vistkerfið verði meiri þar sem námið mun fara fram á mun stærra svæði ásamt því að gruggmyndun verður meiri.

Umhverfisstofnun telur með hliðsjón af framansögðu og vegna óvissu um áhrif umræddrar framkvæmdar séu líkur á að umrædd framkvæmd kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif á búsvæði lifandi kalkþörunganna í Arnarfirði.

Áætlaðar mótvægisáðgerðir

Ráðgert er að færa lifandi set á milli staða til að rækta upp lifandi kalkþörunganna. Umhverfisstofnun telur vöktun og eftirfylgni sérsaklega mikilvæg til að tryggja lifun þessara lífvera.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að aðferðir við endurheimt kalkþörunganna sem fyrirhugaðar eru þurfa að stuðla að lifun kalkþörunganna á þeim stöðum þangað sem þeir eru fluttir. Þó er óljóst á hvaða skala slíkar áðgerðir hafi verið reyndar og hver árangurinn þeirra er og þar með hvort þessar áðgerðir séu raunhæfar. Sé lifunun ekki ásættanleg með þessum áðgerðum bendir Umhverfisstofnun á að framkvæmdin hefur þá ekki einungis áhrif vegna kalkþörunganámsins (gruggmyndun vegna náms á dauðu kalkþörungaseti) heldur einnig áhrif vegna umtalsverðs rasks á lifandi kalkþörungabreiðum sem ber að vernda.

Kalkþörungarnir eru mjög hægvoxta lífverur, líka og áður kom fram, og því er alls óljóst hvernig rekstraraðili hyggst sýna fram á virkni mótvægisáðgerða sem fela í sér flutning á lifandi kalkþörungum sem tekur þúsundir ára að dafna og komast í það horf sem fyrir er. Umhverfisstofnun telur mikla óvissu felast í þeim áðgerðum sérstaklega þegar slíkar framkvæmdir eru á stórum skala.

Umhverfisáhrif verksmiðjunnar

Fram kemur í greinargerð að ekki var fjallað um framleiðslu kalks á landi í mati á umhverfisáhrifum árið 2003 en það var gert í tilkynningu rekstraraðila til Skipulagsstofnunar árið 2016 (bls. 17). Þau umhverfisáhrif sem eru til umfjöllunar í matsskyldufyrirspurninni eru; loftgæði, hljóðvist og gruggmyndun við setlón verksmiðjunnar í höfninni á Bíldudal.

Loftgæði- ryk í útblæstri

Fram kemur í greinargerð að ítrekað hefur losun ryks í útblæstri verið yfir losunarmörkum starfsleyfis, sem er 20 mg/Nm^3 (bls. 18), og skv. greinargerð er unnið að úrbótum en hreinsikerfi hafa ekki verið að virka sem skyldi. Kvartanir hafa borist vegna sýnilegrar mengunar í útblæstri frá verksmiðjunni skv. eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar og var sú mengun staðfest af eftirlitsaðila í eftirliti dags. 28. febrúar 2019. Þrjú útblástursop (skorsteinar) eru frá verksmiðjunni: einn frá mólun, einn frá þurrkara og einn frá kornun (granulation) og var mengunin staðfest úr síðastnefnda útblástursopinunni. Í eftirlitsskýrslu segir: „*Framkvæmdir við nýtt afsogskerfi í verksmiðjunni eru í gangi en áætlanir um lok framkvæmda sem kynntar voru í síðasta eftirliti hafa ekki staðist. [...] Gerðar voru*

mælingar í útblæstri frá vothreinsivirki í janúar sl. sem voru innan starfsleyfismarka.[...] Ítrekað var við rekstraraðila að mengunarmælingar í útblæstrinum væru ekki fullnægjandi og framkvæma þurfi mælingar í öllum útblástursopum/skorsteinum. Einnig þarf að huga að því að afsogskerfið nái til allra ryk uppspretna en rykmengun inn í verksmiðjunni þegar eftirlitið fór fram gaf til kynna að það sé ekki raunin í dag.

Með stækkun verksmiðjunnar er ráðgert að endurnýja tækjabúnað sem ætti að auka afköst með betri stýringu á rakstigi vinnsluefnis. Skv. greinargerð stefnir rekstraraðili á að endurnýja þurrkara og hreinsibúnað á næstu 5 árum ef allt gengur eftir (bls. 13). Í verksmiðjunni er nú nýr reyk háfur og rykhreinsivirki og nýr vothreinsibúnaður frá árinu 2016 (bls. 18). Skv. greinargerð hefur skortur á nægu vatni og bilun í búnaði verið til þess að búnaður virkaði sem skyldi en ætti nú að vera komið í lagi. Þá er ráðgert að setja upp nýjan þurhreinibúnað við framleiðsluaukningu en ekki hefur verið tekin ákvörðun um kaup á þeim búnaði. Einnig er unnið að því að bæta afsogskerfi verksmiðjunnar og leiða allt loft í gegnum pokasíur áður en það er sent út (bls. 19). Nýverið var reist tjald yfir forþurrkunar- og innmötunarbúnaði og til stendur að bæta við vindbrjótum til að minnka hættu á foki efnis af svæðinu (bls. 24).

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að rykmengun frá verksmiðjunni haldist innan losunamarka en ekki hefur verið sýnt fram á það á sannfærandi hátt. Í greinargerðinni er mikið af vangaveltum og áformum um möguleg kaup á nýjum og betri búnaði sem mun bæta virkni hreinsikerfis ef allt gengur upp. Hins vegar er ekki mikið af skýrum áformum um aðgerðir og þær tæknilegu útfærslur sem rekstraraðili hyggst ráðast í. Ljóst er að verksmiðjan hefur ekki náð að uppfylla kröfur í starfsleyfi við núverandi framleiðslu upp á tæp 50.000 tonn á ári og því þurfa að koma fram skýrar tímasettar áætlanir varðandi hreinsun á útblæstri til að koma í veg fyrir frekari frávik frá ákvæðum mengunarvarna í starfsleyfi sérstaklega ef framleiðslan er meira en tvöfölduð.

Valkostagreining og besta aðgengilega tækni

Mat á umhverfisáhrifum er vel til þess fallið að greina núverandi ástand og mismunandi valkosti hvað varðar tæknibúnað svo hægt sé að haldst undir losunarmörkum starfsleyfis. Þá er hægt í því ferli að koma fram með skýrar áætlanir um það hvernig skal laga vinnsluáferðir og tækjabúnað svo mengunarvarnir séu uppfylltar skv. starfsleyfi auk mismunandi valkosta við mengunarvarnir framleiðsluaukningar. Að mati Umhverfisstofnunar ættu valkostir sem fjallað er um í mati á umhverfisáhrifum ekki einungis að vera í formi tækjabúnaðar og aðferða við mengunarvarnir heldur einnig við mismunandi aðferðir, magn og staðsetningu efnistöku kalkþörungasetts.

Líkt og segir í starfsleyfi rekstraraðila, gefið út 2016, hefur besta aðgengilega tækni (BAT) ekki verið skilgreind fyrir nákvæmlega þá starfsemi sem hér um ræðir en besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind fyrir kalkvinnslu í „Best Available Techniques (BAT) Reference Document for the Production of Cement, Lime and Magnesium Oxide“. Horfir Umhverfisstofnun til þeirra viðmiða er fram koma í þeim skjölum. Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi í samræmi við ákvæði reglugerða og skal það gert ef við á samkvæmt ákvæðum starfsleyfis. Þar sem ekki er til

sérhæft BAT fyrir þá framleiðslu og framleiðslutækni sem rekstraraðili stundar er, að mati Umhverfisstofnunar, meiri áskorun falin í tæknilegum útfærslum og mikilvægt að rekstraraðili taki skýra afstöðu til þeirra mengunarvarna sem hann hyggst nýta til að haldast innan losunarmarkna sett í starfsleyfi. Umhverfisstofnun áréttar að þessi afstaða rekstraraðila þarf að vera tekin fyrir núverandi framleiðslu en ekki einungis fyrir fyrirhugaða framleiðsluaukningu. Valkostagreining í ferli mats á umhverfisáhrifum er, eins og áður sagði, vel til þess fallið að skýra frá bestu kostum mengunarvarna.

Hljóðvist- hávaði

Rekstraraðili tekur fram í greinargerð að framleiðsluaukning ætti ekki að auka hávaða frá verksmiðjunni (bls. 20). Ítrekað hefur verið kvartað undan hávaða og ryki frá verksmiðjunni líkt og greint er frá í greinargerð (bls. 17). Eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar staðfesti í eftirlitsskýrslu dags. 25. mars 2019 að hávaði sem berst frá verksmiðjunni til íbúabyggðarinnar er talsverður. Ennfremur telur eftirlitsaðili að óumdeilt sé að uppruni hávaðans sé í verksmiðju rekstraraðila en sjálfur hefur rekstraraðili greint frá því að megin uppspretta hljóðmengunar sé frá blásara og þurrkara en stefnt var að því að einangra blásarann í marsmánuði sl. Ekki kemur fram í greinargerð hvort þetta hafi verið gert.

Fram kemur í greinargerð um úttekt Verkís á hávaða frá verksmiðjunni árið 2016: „*samkvæmt [úttektinni] er hljóðstig við lóðamörk innan viðmiða starfsleyfis, sem sett eru við 70 dB*“ en Umhverfisstofnun telur að hér sé óskýrt hvað sé átt við. Áréttar stofnunin að í starfsleyfi er vísað í mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi gefin í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og er 70 dB mörk við húsvegg iðnaðarstarfsemi. Skv. reglugerðinni er hámarks hávaði frá atvinnustarfsemi við íbúarbyggð að nóttu til 40-45 dB ($L_{AFmax}nótt$) sbr. Tafla. III í Viðauka. Niðurstöður mælinga gefa til kynna að hávaði frá verksmiðjunni að nóttu í íbúarbyggð fari upp í 50-55 dB(A) (sjá eftirlitsskýrslu dags. 28. febrúar 2019) og sé því yfir mörkum reglugerðarinnar. Fram kemur í greinargerð að ekki hafa borist neinar kvartanir undan hávaða frá verksmiðjunni árið 2017 (bls. 20). Umhverfisstofnun bendir á að kvartanir undan hávaða hafa borist árið 2018 og 2019 og lágu slíkar kvartanir til grundvallar á fyrirvaralausum eftirliti í febrúar sl. líkt og greint er frá hér að ofan.

Í greinargerð segir að þegar vel gengur er verksmiðjan í rekstri allan sólarhringinn alla daga vikunnar (bls. 13) og því mikilvægt að starfsemin haldist innan marka mengunar af völdum hávaða í íbúarbyggð bæði að nóttu og degi til. Umhverfisstofnun telur að greina þurfi ítarlega frá mótvægisáðgerðum rekstraraðila við hávaða og hverng hann hyggst halda hljóðmengun frá starfseminni undir leyfilegum mörkum.

Svifagnastyrkur í sjó- gruggmyndun í höfn

Við framleiðsluna er leir hreinsaður frá hráefninu og er skolað út í setlón verksmiðjunnar (bls. 19). Þaðan seiltar set/grugg út um kant lónsins út í höfnina (bls. 22). Líkt og fram kemur í greinargerð þá má styrkaking svifagna í sjó við setlónið ekki fara yfir 2 mg/L við uppþælingu. Skv. niðurstöðum mælinga (sjá töflu 10.2 bls. 23) hafa svifagnir mælst ítrekað yfir styrkagningsmörkum árið 2018. Rekstraraðili telur þennan breytileika á styrki gruggs við höfnuna vera vegna þess að önnur starfsemi á Bíldudal hafi einnig áhrif

á gruggmyndun (bls. 22). Slík útskýring stenst ekki því mæling á að fara fram rétt fyrir dælingu og svo strax að dælingu lokinni þannig að aukning á svifögnum sé einungis komin til vegna dælingarinnar. Þá er því ranglega haldið fram í greinargerðinni að niðurstöður mælinganna sé innan marka skv. starfsleyfi. Tekið er fram í greinargerð að við framleiðsluaukningu er gert ráð fyrir því að áhrif gruggmyndunar verði áfram óveruleg. Umhverfisstofnun telur að rekstraraðili verði að geta sýnt fram á að styrk aukning svifagna haldist innan 2 mg/L á öllum fjórum sýnatökustöðum en miði ekki við meðaltal þeirra sýna.

Frávik starfsemi og úrbótaáætlun

Þann 28. febrúar sl. fór fulltrúi Umhverfisstofnunar í fyrirvaralaust eftirlit í verksmiðjuna. Í eftirlitsskýrslu kemur fram að verksmiðjustjóri hafi ætlað að harpa gróf steinefni frá og varpa í fjöruna þar sem illa gengur að dæla því út í Arnarfirði. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðilanum voru þær fyrirætlanir stöðvaðar áður en til framkvæmda kom.

Þann 3. maí 2019 var rekstraraðili sent bréf frá eftirlitsaðila Umhverfisstofnunar þar sem óskað er eftir því að rekstraraðili uppfæri úrbótaáætlun sína í samræmi við athugasemdir stofnunarinnar. Umhverfisstofnun telur að fjalla þurfi nánar um uppfærðar úrbætur frávikna núvernadi starfsemi frá starfsleyfi.

Niðurstaða

Skv. OSPAR er helsta ógn við kalkþörungabreiður á Íslandi efnistaka í því formi sem framkvæmd er í Arnarfirði. Hefur slík efnistaka nær útrýmt kalkþörungum á öðrum svæðum. Ógnin við lifandi kalkþörung eykst við nýtingu 2/3 af efnistöku á helming vinnslutímans. Ekki er fjallað um það hlutfall af lifandi þörungum sem skal raksa með því að færa úr stað og óvist er að slíkt verki sem mótvægisáðgerð á stórum skala. Er það því mat Umhverfisstofnunar að ráðgerð aukning, eða hröðun á efnistöku sem framleiðsluaukning myndi fela í sér sé líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif á lifandi kalkþörungum í Arnarfirði.

Mikilvægt er að ryk- hávaða- og svifagnamengun frá verksmiðjunni aukist ekki við stækkun verksmiðjunnar sem ekki hefur tekist að haldast innan marka skv. starfsleyfi við núverandi starfsemi. Hér er um að ræða meira en helming aukningu á framleiðslu kalkafurða frá núverandi raun framleiðslu eða frá um 50.000 tonn/ári í 120.000 tonn/ári. Rekstraraðili á eftir að skila inn uppfærðri úrbótaáætlun vegna nýlegra frávikna í rekstri og vitað er til þess að bæði rykmengun og hávaði hefur mælst yfir mörkum nýlegra auk þess sem kvartanir hafa borist Umhverfisstofnun.

Framleiðsla rekstraraðila á Bíldudal kann að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum, bæði vegna kalkþörungánámsins og vegna aukinna umsvifa verksmiðjunnar með tilheyrandi rykmengun og hávaða.


Með vísan í framangreint telur Umhverfisstofnun að nám kalksetsins á hafsbotni auk aukinna umsvifa verksmiðjunnar við umrædda framleiðsluaukningu rekstraraðila vera líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og ætti því að vera háð mati á

umhverfisáhrifum. Er þessi niðurstaða í samræmi við eldra álit Umhverfisstofnunar um fyrri stækkun verksmiðjunnar dags. 28. júlí 2016.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt


Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur


Sverrir A. Jónsson
sérfræðingur